

Dreifibréf til fjármálafyrirtækja

3. apríl 2017

Tilvísun: 2017020027

Efni: Umræðuskjal nr. 7/2017 um drög að endurskoðuðum reglum um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti fjármálafyrirtækja.

Fjármálaeftirlitið hefur gefið út umræðuskjal nr. 7/2017. Umræðuskjalið inniheldur drög að endurskoðuðum reglum um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti fjármálafyrirtækja. Reglurnar eru settar með heimild í 2. mgr. 19. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Með dreifibréfi þessu gefur Fjármálaeftirlitið viðtakendum kost á að gera athugasemdir við drögin. Skjölin eru einnig birt á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is.

Þann 2. júlí 2015 tóku í gildi lög nr. 57/2015 um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum (starfsleyfi, áhættustýring, stóraráhættuskuldbindingar, starfskjör, eignarhlutir, eiginfjáraukar o.fl.). Lögn breyttu breyttu m.a. ákvæðum 19. gr. er varðar eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti. Fjármálaeftirlitið hefur vegna þessa endurskoðað reglur nr. 670/2013 um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti, sem munu vera endurútgefnar sem nýjar reglur.

Fjármálaeftirlitið óskar eftir því að athugasemdir umsagnaraðila við meðfylgjandi umræðuskjali berist eftirlitinu eigi síðar en 24. apríl nk. Óskað er eftir að umsagnir séu ritaðar á þar til gert umsagnareyðublað sem finna má á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, sbr. nánari skýringar á forsiðu meðfylgjandi umræðuskjals nr. 7/2017.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Rúnar Guðmundsson

Alma Jónsdóttir